

- 156 Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum og renna sekt-
15. nóv. innar í hrepps sjóð Laxárdalshrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

- 157 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Möðruvallaklausturs-
18. nóv. kirkju“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. nóv. 1948. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Möðruvallaklausturskirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Möðruvallaklausturskirkju, og er eign Möðruvallaklausturskirkju í Hörgárdal.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður með 6000 — sex þúsund — krónum, af Ólafi Tr. Ólafssyni bónda í Dagverðartungu, og fjölskyldu hans, og Jóni Ólafssyni, bifreiðæftirlitsmanni í Reykjavík, og fjölskyldu hans, til minningar um Gísla Ólafsson, organista, Dagverðartungu, f. 12. október 1911, d. 4. október 1946, og afa hans, Ólaf Tryggva Jónsson, Dagverðartungu, d. 17. júní 1922, fyrsta organista Möðruvallaklausturskirkju, á aldarafmæli hins síðarnefnda, 30. ágúst 1948.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að eflingu kirkjusöngs í Möðruvallaklausturskirkju, á þann hátt, sem sjóðsstjórnin á hverjum tíma telur hentugast, svo sem með fjárveitingu til kirkjukórsstarfsemi, menntunar organleikara, hljóðfæriskaupa o.s.frv.

4. gr.

Ætlast er til, að sjóðurinn fái einkum tekjur af dánargjöfum, og séu gefin út minningarspjöld í þeim tilgangi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins annast sóknarprestur og sóknarnefnd Möðruvallaklausturskirkju, og sé sóknarprestur formaður sjóðsstjórnar.

6. gr.

Úr sjóðnum má fyrst veita 4. október 1951, en þó aldrei meiru en því, er nemur $\frac{3}{4}$ hlutum árlegra vaxta hans, unz hann er orðinn kr. 10000.00, þá öllum tekjum hans næstliðið almanaksár, ef þurfa þykir, og sé hinn árlegi úthlutunardagur jafnan 4. október, sé það unnt.

7. gr.

Verkefni sjóðstjórnar er:

- a. Að ávaxta sjóðinn á sem hagfelldastan hátt hjá tryggri lánsstofnun, og skal hún leggja fram reikninga hans á hverjum aðalsafnaðarfundi Mökuvallaklausturskirkju, með öðrum reikningum kirkjunnar.
- b. Að ákveða úthlutun úr sjóðnum í hvert sinn eftir 3. gr.
- c. Að halda skrá yfir tekjur sjóðsins samkv. 4. gr. og sérstaka minningabók, er geymi nöfn þeirra manna, sem minnst er með gjöfum til sjóðsins.

157

18. nóv.

8. gr.

Skipulagsskrá þessa má endurskoða að fimm árum liðnum, með samþykki safnaðarfundar, en þó skulu 3 fyrstu liðir hennar ætíð haldast óbreyttir.

9. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Dagverðartungu í Hörgárdal, 29. ágúst 1948.

Ólafur Tr. Ólafsson. Jón Ólafsson.

REGLUGERÐ

158

25. nóv.

fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt.

2. gr.

Vatnsveitunefnd er kosin af hreppsnefnd, eftir hverjar hreppsnefndarkosningar, og annast hún framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur veitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd skulu vera 3 menn og 3 til vara. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir liggja að. Frá aðalvatnsæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hveragerðis, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar og með þeim útbúnaði, er hún telur tryggan.